

Björg Ágústsdóttir

From: Gunnar Njálsson <gnjalsson@gmail.com>
Sent: föstudagur, 13. febrúar 2026 09:43
To: Björg Ágústsdóttir
Subject: Verkefni Eyrarskógur Endurheimt vistkerfa, land Hallbjarnareyri

Follow Up Flag: Follow up
Flag Status: Flagged

Sæl Björg.

Það er ýmislegt sem ég ætla að koma á framfæri við þig með þessu bréfi. Það varðar þá vinnu stjórnenda Grundarfjarðarbæjar ásamt Skógræktarfélagi Eyrarsveitar við þá hugmyndavinnu við Eyrarskóg-Endurheimt vistkerfa. Sigurður Valur Ásbjarnarson hélt fund með FSRE í júlímánuði 2025 og kom fram góður vilji Ríkiseigna við það verkefni sem Skógræktarfélag Eyrarsveitar hafði lagt upp. Þar kom fram af hálfu þeirra að gera þyrfti langtímasamning og girða þyrfti landið, auk þess sem nánari afstöðu vantaði frá Skógræktarfélagi Eyrarsveitar og álit bæjarstjórnar. Svar kom frá Signýu formanni þann 3. desember og á fundi bæjarráðs 18. desember kom fram synjun á þeirri útlistun að bærinn þyrfti að gera langtímasamning við ríkið og girða þyrfti landið.

Ályktun bæjarráðs var sú, að í ljósi framangreindra upplýsinga, telur bæjarráð ekki tímabært að efna til samningaviðræðna við ríkið um land í þessu skyni. Samþykkt samhljóða.

Þetta var ekki nógu gott hjá þér Björg. Ég er búinn að grennslast fyrir um þennan bæjarráðsfund og það er eins og þú hafir aðeins lagt fram kort af svæðinu og greinargerðina frá Signýu formanni frá 3.

desember. Þeir fulltrúar sem sátu þennan bæjarráðsfund virðast ekki hafa vitað mikið um hvað var um að vera. Þetta var ekki góð afgreiðsla Björg. Síðan sendi Signý þér beiðni um nánari útskýringar á þessari afgreiðslu bæjarráðs og þú ert ekki enn búin að svara henni. Þetta er að mínu áliti og annarra, mjög slæm stjórnarsýsla. Finnst mér þetta andstyggileg framkoma á hendur áhugasamri manneskju sem hlakkar til að fara út í þetta verkefni með stolti, eins og svo margir aðrir.

Sannleikurinn er sá, að bæjarfélagið á ekki þetta land. Þetta er land í eigu ríkisins. Það er ekki þannig að bæjarfélagið eigi að greiða leigutekjur til ríkisins og bera kostnað við girðingarvinnu

Þetta svæði austan Hjarðarbólsá er innan lögsagnar aðalskipulags dreifbýlis, skilgreint sem landbúnaðarland. Verður síðan skilgreint á annan hátt með breyttri landnotkun.

Það eru ýmis verkefni á landsvísu og stofnanir sem vinna við skógrækt og endurheimt vistkerfa, jafnvel á lannsvæðum í eigu ríkisins.

Við í Skógræktarfélagi Eyrarsveitar höfum fundað um þessa stöðu mála og ætlum að halda áfram og leita liðsinnis ýmissa samtaka um framhaldið. Það eru aðilar sem koma að þessu verkefni sem semja við FSRE, ekki Grundarfjarðarbær. Er það skilið?

Þér mun ekki takast að brjóta niður áhuga okkar eins og þú ert að gera. Nú er það ákveðið að ég, undirritaður skuli halda áfram að leiða þetta verkefni í samvinnu við Ríkiseignir. Hef ég haft loksins samband við þá stofnun og vonast ég eftir góðri samvinnu og þykir mér leitt að þetta allt hafi dregist vegna framkomu stjórnenda Grundarfjarðarbæjar.

Gunnar Njálsson ritari í stjórn Skógræktarfélags Eyrarsveitar